

**Nr. 17-062 S 043 Sturlaugur H. Böðvarsson AK 105****Skipverji klemmdist**

Skipaskr.nr. 1585                      IMO nr. 8003993  
Útgerð: HB Grandi hf  
Smíðaður: Akranesi 1981 stál  
Stærð: 431,2 brl. 712 bt.  
Mesta lengd: 50,85 m      Skráð lengd: 44,16 m  
Breidd: 9 m                      Dýpt: 6,4 m  
Vél: Stork Werkspoor 1590 kW, 1986  
Fjöldi skipverja: 15



Sturlaugur H. Böðvarsson ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 27. nóvember 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 11. maí 2017 var Sturlaugur H Böðvarsson AK 10 á siglingu á Faxaflóa á leið til veiða. Veður: NA 15 og ölduhæð 1 m.

Skipverji var að færa til fiskikör í lest þegar hann klemmdi vísifingur hægri handar á milli þeirra. Eftir veiðiferðina lét skipverjinn lækni skoða áverkann og var hann fingurbrotinn.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipverjinn var að undirbúa lestina í byrjun veiðiferðar og koma færibaldi í rétta stöðu;
- að hann var að renna tómu fiskikari inn í laust bil þegar fingurinn klemmdist á milli karanna;
- að skipverjinn var frá vinnu í u.þ.b. fjórar vikur.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.